

Slysatrygging sjómanna

Skilmáli nr. S-5

Sbr. kjarasamning frá 16. maí 2001

1. gr. Almennir skilmálar

- 1.1 Um váttrygginguna gilda lög nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga, ef eigi leiðir annað af skilmálum þessum eða öðrum ákvæðum váttryggingarsamnings.
- 1.2 Í váttryggingarskilmálum þessum eru hugtökin félagið (Vörð tryggingar hf.), váttryggingartaki og váttryggður notuð í sömu merkingu og í lögum um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

2. gr. Váttryggingarsvið

- 2.1 Félagið greiðir bætur vegna slyss er sá sem váttryggður er verður fyrir, eins og segir í váttryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun og skilmálum þessum.
- 2.2 Orðasambandið, sá sem váttryggður er, merkir þann einstakling sem félagið ber áhættuna af að slasist.
- 2.3 Með orðinu „slys“ er hér átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama þess sem váttryggður er og gerist án vilja hans.
- 2.4 Það er skilyrði fyrir bótaskyldu að hlutaðeigandi hafi verið ráðinn í skiprúm á skipi því sem tilgreint er í váttryggingarskírteini og slys hafi borið að höndum er hann var staddur á skipinu eða vann í beinum tengslum við rekstur þess.

3. gr. Aldurstakmörk

- 3.1 Þrátt fyrir ákvæði 6. og 7. gr. um ákvörðun bóta þá váttryggir félagið ekki börn yngri en 15 ára gegn tímabundnum missi starfsorku eða tímabundnu atvinnutjóni og ekki fyrir hærri dánarbótum en sem nemur venjulegum útfararkostnaði.

4. gr. Aðrar takmarkanir á bótaskyldu

- 4.1 Félagið bætir ekki slys sem beint eða óbeint eru af völdum kjarnabreytingar, jónandi geislunar, mengunar af geislavirkum efnum, kjarnaeldsneytis og kjarnaúrgangsefnis, eða af völdum styrjaldar, innrásar, hernaðaraðgerða, borgararósta, uppreisnar, uppbots eða svipaðra aðgerða.
- 4.2 Bætur falla niður ef váttryggður eða sá sem tryggður er hefur valdið slysinu af ásetningi. Ennfremur má lækka bætur eða fella þær niður ef váttryggður eða sá sem tryggður er hefur valdið slysinu af stórkostlegu gáleysi.
- 4.3 Váttryggingin tekur ekki til slysa sem verða í frítíma váttryggðs nema þess sé sérstaklega getið í váttryggingarskírteini.
- 4.4 Váttryggingin bætir ekki slys af völdum hryðjuverka vegna hvers konar líffræðilegra eða efnafræðilegra áhkirfa og/eða eitrunar, þ.m.t. vegna sýkla og veira.

5. gr. Bætur samkvæmt skaðabótalögum

- 5.1 Valdi slys þeim sem váttryggður er líkamstjóni eða dauða skulu bætur ákvarðast eftir reglum skaðabótalaga nr. 50/1993 með síðari breytingum leiði það til hærri heildarbóta en samkvæmt 172. gr. siglingalaga nr. 34/1985 og nánar er mælt fyrir í 7. gr. í skilmálum þessum.
 - 5.2 Eigi váttryggður eða sá sem tryggður er rétt til bóta úr lögboðinni ábyrgðartryggingu ökutækis eða slysatryggingu ökumanns og eiganda skerðast bætur skv. gr. 6.1 sem því nemur.
 - 5.3 Skaðabætur frá bótaskyldum þriðja aðila og/eða úr ábyrgðartryggingu hans koma til frádráttar bótum skv. gr. 6.1.
- ## 6. gr. Bætur samkvæmt 172. gr. laga nr. 34/1985
- 6.1 Valdi slys þeim sem váttryggður er líkamstjóni eða dauða skulu bætur ákvarðast samkvæmt þessari grein, ef þær verða hærri en bætur samkvæmt skaðabótalögum, sbr. 6. gr. Váttryggður fær aldrei bætur bæði eftir 6. og 7. gr. vegna sama slyss. Við samanburð á bótarétti skv. 6. gr. og þessari gr. skulu mánaðarlegar dánarbætur til maka og barna, sem getið er í gr. 7.2, reiknaðar til eingreiðsluverðmætis.
 - 6.2 Valdi slys dauða þess sem váttryggður er innan þriggja ára frá því slysið varð greiddast dánarbætur sem í gildi voru á slysadegi skv. 1. tl. 2. mgr. 172. gr. laga nr. 34/1985 að frádregnum bótum fyrir varanlegt líkamstjón sem félagið kann að hafa greitt vegna sama slyss. Ef hinn látni lætur hvorki eftir sig maka né börn skal greiða dánarbúi hans helming dánarbóta sem ella hefðu verið greiddar einum einstaklingi skv. a.-lið 1. tl. 2. mgr. 172. gr.
 - 6.3 Valdi slys þeim sem váttryggður er varanlegu líkamstjóni greiddast örorkubætur á grundvelli þeirra upphæða fyrir hvert örorkustig - miskastig - sem í gildi voru á slysdagi skv. b-lið 2. tl. 2. mgr. 172. gr. Örorku skal meta í hundradshlutum samkvæmt töflum örorkunefndar um miskastig sem í gildi eru þegar örorkumat fer fram. Meta skal skerðingu á líkamlegri færni án tillits til starfs, sérstakra hæfileika eða þjóðfélagsstöðu hins slasaða. Örorka getur aldrei talist meiri en 100%.
 - 6.4 Dagpeningar vegna tímabundinnar örorku greiddast samkvæmt því er segir í a-lið 2. tl. 2. mgr. 172 gr.

7. gr. Greiðslur bóta

- 7.1 Bætur greiddast innan 14 daga eftir að fullnægjandi sannanir hafa borist fyrir bótaskyldu félagsins og unnt er að ákveða upphæð bóta.
- 7.2 Allar bætur úr váttryggingu þessari dragast frá skaðabótum frá útgerð.

8. gr. Gildistaka - Iðgjaldagreiðslur

- 8.1 Váttrygging þessi tekur gildi þegar að félagið eða umboðsmaður þess hefur samþykkt váttryggingarbeiðni. Iðgjald ber að greiða þegar váttryggingin tekur gildi og síðari iðgjöld á tilgreindum gjalddögum. Félagið sendir váttryggingartaka tilkynningu um greiðslu iðgjaldsins. Í tilkynningunni skal greiðslufrestur tilgreindur sérstaklega sem skal vera einn mánuður hið skemmsta frá þeim degi sem tilkynningin er send. Sé iðgjald ekki greitt innan greiðslufrests reiknast dráttarvextir á iðgjaldið.

- 8.2 Sé iðgjald ekki greitt þegar greiðslufresti lýkur skv. 1. mgr. er félaginu heimilt að senda sérstaka aðvörun, þar sem greiðslu er krafist innan 14 daga, ella fellur váttryggingin og ábyrgð félagsins niður, sé iðgjald þá enn ógreitt. Váttryggingartaki skal engu að síður greiða iðgjald fyrir það tímabil sem váttrygging var í gildi.
- 8.3 Hafi váttryggingartaki ekki samið sérstaklega við félagið um greiðslu iðgjaldsins áður en frestur skv. 2. mgr. rennur út telst það ógreitt, ef það er ekki að fullu greitt þegar fresturinn er úti.
- 8.4 Krafa um greiðslu iðgjalds er send á heimilisfang váttryggingartaka sem tilgreint er í þjóðskrá nema hann hafi tilgreint annað heimilisfang sérstaklega. Breytingar á heimilisfangi skal þegar í stað tilkynna félaginu.
- 8.5 Váttryggingin gildir fyrir það tímabil sem tiltekið er í váttryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun. Að því loknu endurnýjast váttryggingin sjálfkrafa í eitt ár í senn, sé váttryggingunni ekki sagt upp af hálfu váttryggingartaka innan mánaðar frá því félagið sendi endurnýjunarkvittun. Váttryggingataka er þó ekki skylt að tilkynna uppsögn fyrr en með 15 daga fyrirvara fyrir endurnýjun. Váttryggingartaka er jafnframt heimilt að segja upp váttryggingu, sem endurnýjast sjálfkrafa, vegna flutnings váttryggingarinnar til annars félags, sbr. 14. gr. og 75 gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004. Skal þá tilkynna félaginu um uppsögn með mánaðar fyrirvara og miðast uppsögn við næstu mánaðamót þar á eftir. Upplýsa skal til hvaða váttryggingafélags er flutt og frá hvaða tíma. Þegar váttryggingin er tekin vegna atvinnurekstrar, þar sem umfang rekstraraðila samsvarar fleiri en fimm ársverkum eða starfsemi fer að mestu leyti fram erlendis, getur váttryggingartaki aðeins sagt váttryggingunni upp við endurnýjun hennar og skal uppsögn í síðasta lagi hafa borist félaginu einum mánuði fyrir lok váttryggingartímabilsins. Félagið áskilur sér rétt til iðgjaldabreytinga og/eða skilmálabreytinga við endurnýjun váttryggingarinnar.
- 8.6 Séu sérstakar ástæður fyrir hendi skv. 18. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga er félaginu heimilt að segja upp váttryggingarsamning með 60 daga fyrirvara fyrir endurnýjun. Félagið sendir þá frá sér tilkynningu þess efnis skv. ákvæðum sömu laga.
- 9. gr. Ásetningur eða stórkostlegt gáleysi váttryggðs**
- 9.1 Ef tjón verður rakið til ásetnings váttryggðs fellur bótaábyrgð félagsins niður.
- 9.2 Valdi váttryggður tjóni af stórkostlegu gáleysi getur það leitt til takmörkunar eða brottfalls bótaábyrgðar félagsins skv. 90. gr. laga nr. 30/2004. Við mat á ábyrgð félagsins skal líta til sakar váttryggðs, hvornig váttryggingarburð bar að, hvort váttryggður var undir áhrifum áfengis eða fíkniefna og atvik að öðru leyti.
- 10. gr. Upplýsingaskylda váttryggingartaka**
- 10.1 Við gerð eða endurnýjun váttryggingarsamnings ber váttryggingartaka, eða eftir atvikum váttryggðum, að veita félaginu þær upplýsingar um váttryggingaráhættuna sem félagið óskar sbr. 82. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga. Sömmuleiðis ber váttryggingartaka, og eftir atvikum váttryggðum, að greina félaginu frá sérstökum atvikum sem hann veit eða má vita að hafa þýðingu fyrir mat félagsins á áhættunni.
- 10.2 Skýri váttryggingartaki sviksamlega frá eða leyni atvikum, er skipta máli um áhættu félagsins, eða gefur að öðru leyti rangar upplýsingar til félagsins, getur það haft í för með sér að bótaábyrgð félagsins takmarkast eða fellur niður sbr. 83. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.
- 10.3 Váttryggingartaki, eða eftir atvikum váttryggður, skal við endurnýjun váttryggingarsamnings, veita félaginu nýjar upplýsingar um heilsufar sitt, ef félagið óskar þess skriflega sbr. 3. mgr. 79. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga.
- 10.4 Félaginu er heimilt að afla sér upplýsingar um fyrra heilsufar váttryggðs að fengnu samþykki hans.
- 11. gr. Skyldur váttryggðs við tjónsatburð**
- 11.1 Váttryggður skal án ástæðulauss dráttar tilkynna félaginu um váttryggingarburð á þar til gerðum eyðublöðum félagsins, ef unnt er, en annars á annan hátt til bráðabirgða. Váttryggður glatar rétti til bóta ef hann tilkynnir ekki félaginu um kröfu sína innan árs frá því að hann vissi um atvik sem bótakrafan er reist á. Ef félagið hafnar kröfu váttryggðs í heild eða hluta glatar hann rétti til bóta ef hann hefur ekki höfðað mál eða krafist meðferðar málsins fyrir Úrskurðarnefnd í váttryggingamálum innan árs frá því að hann fékk skriflega tilkynningu félagsins um að kröfu hans væri hafnað.
- 11.2 Þegar það atvik, sem váttryggt er gegn, hefur gerst, eða hættu er á því að það gerist, ber váttryggðum skylda til þess að reyna afstýra tjóninu eða lágmarka það. Váttryggðum ber að hlíta fyrir mælum félagsins sem beinast að því að takmarka tjónið. Hafi váttryggður af þessum sökum orðið fyrir útgjöldum mun félagið endurgreiða þau að því leyti sem þau teljast óhjákvæmileg. Sinni váttryggður ekki skyldu sinni samkvæmt þessari grein getur það haft í för með sér takmörkun eða brottfall bótaábyrgðar félagsins sbr. 2. mgr. 93. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga.
- 11.3 Váttryggðum ber að leita læknis strax og slys ber að höndum, gangast undir nauðsynlegar lækniáðgerðir og fara í öllu að fyrir mælum læknis.
- 11.4 Við uppgjör tjóns skal váttryggður veita félaginu upplýsingar og afhenda gögn sem hann hefur aðgang að og félagið þarf til þess að meta ábyrgð sína og greiða bætur. Félaginu er heimilt að láta trúnaðarlækni sinn skoða váttryggða, svo og að afla sér upplýsinga um fyrra heilsufar váttryggðs. Félagið greiðir nauðsynleg læknisvottorð.
- 11.5 Ef váttryggður, eða sá sem á kröfu á hendur félaginu veitir af ásetningu rangar eða ófullnægjandi upplýsingar sem hann veit eða má vita að leiða til þess að hann á ekki rétt til fellur niður allur réttur hans samkvæmt þessum og öðrum váttryggingasamningum vegna sömu atvika. Við sérstakar aðstæður getur váttryggður þó átt rétt til bóta að hluta sbr. 2. mgr. 120. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga.
- 12. gr. Uppsagnarréttur félagsins**
- Félagið getur sagt upp þessum váttryggingarsamning vegna eftirfarandi aðstæðna, nema annað sé lögboðið:
- 12.1 Með 14 daga fyrirvara ef veittar eru rangar eða ófullnægjandi upplýsingar um váttryggða áhættu, sbr. 1. mgr. 84. gr. laga um váttryggingasamninga nr. 30/2004. Hafi váttryggingartaki sviksamlega vanrækt upplýsingaskyldu sína getur félagið sagt upp váttryggingunni sem og öðrum váttryggingasamningum sem váttryggingartaki hefur hjá félaginu án fyrirvara.
- 12.2 Með viku fyrirvara ef váttryggður veitir af ásetningu rangar eða ófullnægjandi upplýsingar sem hann veit eða má vita að leiða til þess að hann fær greiddar bættur sem hann á ekki rétt til sbr. 120. gr. laga um váttryggingasamninga nr.

30/2004. Félaginu er ennfremur heimilt að segja upp öllum öðrum váttryggingarsamningum sem váttryggður hefur hjá félaginu, með sama fyrirvara, þegar svo stendur á.

- 12.3 Með tveggja mánaða fyrirvara ef aðstæður váttryggðs, þ.m.t. starf hans og lífshættir breytast á váttryggingartímabili á þann hátt að félagið hefði ekki samþykkt váttrygginguna ef slíkar upplýsingar hefðu legið fyrir við upphaf váttryggingartímabilsins.
- 12.3 Með tveggja mánaða fyrirvara, í kjölfar tjónsatviks og er félaginu jafnframt heimilt að segja upp öðrum váttryggingarsamningum sem váttryggingartaki hefur hjá félaginu með sama fyrirvara:
- 12.3.1 þegar tjónþungi váttryggingar er meiri en eðlilegt getur talist, t.d. 3 tjón eða fleiri á 12 mánuðum;
- 12.3.2 ef váttryggður hefur valdið tjóni af ásetningi;
- 12.3.3 ef váttryggður brýtur gegn varúðareglum;
- 12.3.4 ef alvarlegur trúnaðarrestur hefur orðið milli váttryggðs og félagsins.

13. gr. Áhættubreyting

Sé tiltekið á váttryggingarskírteini að váttryggður sinni tilteknu starfi og sá starfsvettvangur breytist ber váttryggingartaka/váttryggðum að tilkynna félaginu það án tafar. Við slíkar aðstæður er félaginu heimilt að hækka iðgjald frá þeim tíma er áhættubreytingin varð. Hafi félaginu ekki borist tilkynning skv. 1. mgr. í síðasta lagi við greiðslu fyrsta iðgjalds eftir áhættubreytinguna og leiði vanrækslan til þess að iðgjald verður ekki hækkað, lækkar ábyrgð félagsins hlutfallslega sbr. 88. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga.

14. gr. Endurgreiðsla iðgjalds

- 14.1 Nýti váttryggingartaki eða félagið sér heimildir sínar, skv. þessum skilmála eða lögum nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga, til þess að slíta váttryggingarsamningnum á váttryggingartímabilinu endurgreiðir félagið iðgjald váttryggingarinnar hlutfallslega.
- 14.2 Greiði félagið dánarbætur vegna hins váttryggða eða 100% örorkubætur lýkur þó váttryggingunni hvað varðar þann váttryggða og iðgjald vegna hans endurgreiðist ekki.

15. gr. Endurkröfuréttur félagsins

Eigi váttryggður fébótakröfu á hendur öðrum vegna bótaskylds tjóns, öðlast félagið þann rétt að svo miklu leyti sem það hefur greitt bætur vegna tjónsins.

16. gr. Fyrning

- 16.1 Kröfur, sem rísa af skírteini eða skilmálum þessum, fyrnast á 4 árum frá lokum þess almanaksárs sem kröfuhafinn fékk vitneskju um kröfu sína og átti þess fyrst kost á að leita fullnustu hennar. Kröfur þessar fyrnast þó í síðasta lagi á 10 árum frá því að slys bar að höndum.

17. gr. Íslensk lög

Verði ágreiningur um váttrygginguna skal íslenskur dómstóll skera úr honum skv. íslenskum lögum.

18. gr. Heimili og varnarþing

Heimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík.

Ágreiningu um bótaskyldu má skjóta til Tjónanefndar váttryggingafélaganna eða Úrskurðarnefndar í váttryggingamálum. Upplýsingar um nefndir þessar og starfsháttu má fá hjá félaginu. Dómsmál sem kunna að rísa vegna þessa váttryggingarsamnings skulu rekin gegn félaginu fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

SÉRSTAKUR SKILDAGI VEGNA SLYSATRYGGINGAR Í FRÍTÍMA

Eftirfarandi skildagi gildir, ef hans er getið á skírteini eða iðgjaldskvittun

Bætur greiðast úr slysatryggingu þessari ef sjómaður slasast í frítíma sínum meðan hann er ráðinn í skiprúm hjá váttryggingartaka. Einnig greiðast bætur úr slysatryggingunni ef útgerðarmaður sem fiskar á eigin bát slasast í frítíma sínum á gildistíma váttryggingarinnar. Um slys, er verða í frítíma sjómanns, gilda eftirfarandi undanþáguákvæði

Félagið bætir ekki:

- a) slys sem beint eða óbeint eru af völdum kjarnabreytingar, jónandi geislunar, mengunar af geislavirkum efnum, kjarnaeldsneytis og kjarnaúrgangsefnis eða af völdum styrjaldar, innrásar, hernaðaraðgerða, borgararósta, uppreisnar, uppþots eða svipaðra aðgerða. Sama gildir um slys sem beint eða óbeint eru af völdum jarðskjálfta, eldgoss, flóða, skriðufalla, snjóflóða eða annarra náttúruhamfara;
- b) slys er sá sem tryggður er verður fyrir í handalögmáli, við þátttöku í refsiverðum verknaði, undir áhrifum deyfi- og/eða eiturlyfja eða í ölæði, nema sannað sé að ekkert samband hafi verið milli ástands þessa og slyssins;
- c) slys sem verða vegna ljósbaða, lækningameðferðar, skurðaðgerðar eða lyfjanotkunar, nema það sé að læknisráði vegna bótaskylds slyss;
- d) slys sem verða vegna stórkostlegs gáleysis þess sem tryggður er eða váttryggðs;
- e) slys sem orsakast af matareitrun, drykkjareitrun eða neyslu nautnalyfja;
- f) slys vegna eittra lofttegunda, nema það hafi orðið skyndilega og án vilja þess sem tryggður er.

LAUNATRYGGING VEGNA VINNUSLYSS

1. gr. Gildissvið

- 1.1 Félagið greiðir bætur vegna slyss er skipverji verður fyrir við vinnu sína eins og segir á váttryggingarskírteini og /eða iðgjaldskvittun og skilmálum þessum
- 1.2 Tryggingin er eingöngu gildi sé hennar sérstaklega getið á váttryggingarskírteini og/eða iðgjaldskvittun.
- 1.3 Váttryggingartaki er váttryggður
- 1.4 Skipverji er sá sem ráðinn er í skipsrúm hjá váttryggingartaka á skipi því, sem tilgreint er í váttryggingarskírteini og/eða iðgjaldskvittun, og slysið hefur borið að höndum er hann var staddur á skipinu og við vinnu eða vann í beinum tengslum við rekstur þess.

- 1.5 Vátryggingin greiðir bætur samsvarandi launum sem vátryggðum ber að greiða beint til skipverja, skv. 36. gr. sjómannalaga nr. 35/1985 vegna slyss sem skipverjinn hefur orðið fyrir og er bótaskyld skv. IV. kafla laga um almannatryggingar nr. 100/2007. Bæturnar takmarkast þó við það tímabil sem skipverji er óvinnufær.
 - 1.6 Bætur greiðast frá þeim degi sem vátryggðum bar að greiða skipverja laun vegna óvinnufærni af völdum slyss, enda hafi greiðskylda vátryggðs varað í minnst tíu daga. Fyrir skemmra tímabil greiðast engar bætur.
 - 1.7 Dagpeningar sem skipverji á rétt á samkvæmt lögum um almannatryggingar og greiða ber til vinnuveitandi, koma að fullu til frádráttar bótum úr vátryggingu þessari.
- 2. gr. Takmarkanir á bótaskyldu**
- 2.1 Vátryggingin tekur ekki til tjóns vegna launagreiðslna til barna yngri en 15 ára.
 - 2.2 Vátryggingin bætir ekki launatengd gjöld vátryggðs af neinu tagi, s.s. tryggingagjald, móttframlag vinnuveitanda í lífeyrissjóð, gjöld í sjóði stéttarfélagi o.þ.h.
 - 2.3 Vátryggingin bætir ekki laun að því marki sem skipverji fær þau greidd úr Ábyrgðasjóði launa, sbr. lög nr. 88/2003 um Ábyrgðasjóð launa.
 - 2.4 Vátryggingin tekur ekki til sjúkrakostnaðar.
- 3. gr. Greiðsla bóta**
- 3.1 Vátryggður sér um launauppgjör við skipverja að höfðu samráði við félagið, en krefur svo félagið um þau útgjöld sem falla undir vátryggingu þessa.
- 4. gr. Önnur ákvæði**
- 4.1 Að öðru leyti gilda ákvæði skilmála S-5 um slysatryggingu sjómanna eftir því sem við á.

LAUNATRYGGING VEGNA FRÍTÍMASLYSS

1. gr. Gildissvið

- 1.1 Félagið greiðir bætur vegna slyss er skipverji verður fyrir í frítíma sínum eins og segir á vátryggingarskírteini og /eða iðgjaldskvittun og skilmálum þessum
- 1.2 Tryggingin er eingöngu gildi sé hennar sérstaklega getið á vátryggingarskírteini og/eða iðgjaldskvittun.
- 1.3 Vátryggingartaki er vátryggður
- 1.4 Skipverji er sá sem ráðinn er í skipsrúm hjá vátryggingartaka á skipi því, sem tilgreint er í vátryggingarskírteini og/eða iðgjaldskvittun.
- 1.5 Vátryggingin greiðir bætur samsvarandi launum sem vátryggðum ber að greiða beint til skipverja, skv. 36. gr. sjómannalaga nr. 35/1985 vegna slyss sem skipverjinn hefur orðið fyrir í frítíma sínum. Bæturnar takmarkast þó við það tímabil sem skipverji er óvinnufær.
- 1.6 Bætur greiðast frá þeim degi sem vátryggðum bar að greiða skipverja laun vegna óvinnufærni af völdum slyss, enda hafi greiðskylda vátryggðs varað í minnst tíu daga. Fyrir skemmra tímabil greiðast engar bætur.
- 1.7 Dagpeningar sem skipverji á rétt á samkvæmt lögum um almannatryggingar og greiða ber til vinnuveitandi, koma að fullu til frádráttar bótum úr vátryggingu þessari.

2. gr. Takmarkanir á bótaskyldu

- 2.1 Vátryggingin tekur ekki til tjóns vegna launagreiðslna til barna yngri en 15 ára.
- 2.2 Vátryggingin bætir ekki launatengd gjöld vátryggðs af neinu tagi, s.s. tryggingagjald, móttframlag vinnuveitanda í lífeyrissjóð, gjöld í sjóði stéttarfélagi o.þ.h.
- 2.3 Vátryggingin bætir ekki laun að því marki sem skipverji fær þau greidd úr Ábyrgðasjóði launa, sbr. lög nr. 88/2003 um Ábyrgðasjóð launa.
- 2.4 Vátryggingin tekur ekki til slysa sem skipverji verður fyrir í starfi, hvort sem um er að ræða launað starf eða arðbært starf í eigin þágu sem atvinnuslysaáhætta fylgir.
- 2.5 Vátryggingin tekur ekki til sjúkrakostnaðar.

3. gr. Greiðsla bóta

- 3.1 Vátryggður sér um launauppgjör við skipverja að höfðu samráði við félagið, en krefur svo félagið um þau útgjöld sem falla undir vátryggingu þessa.

4. gr. Önnur ákvæði

- 4.1 Að öðru leyti gilda ákvæði skilmála S-5 um slysatryggingu sjómanna eftir því sem við á.

LAUNATRYGGING VEGNA SJÚKDÓMS

1. gr. Gildissvið

- 1.1 Félagið greiðir bætur vegna sjúkdóms er skipverji verður fyrir eins og segir á vátryggingarskírteini og /eða iðgjaldskvittun og skilmálum þessum
- 1.2 Tryggingin er eingöngu gildi sé hennar sérstaklega getið á vátryggingarskírteini og/eða iðgjaldskvittun.
- 1.3 Vátryggingartaki er vátryggður
- 1.4 Skipverji er sá sem ráðinn er í skipsrúm hjá vátryggingartaka á skipi því, sem tilgreint er í vátryggingarskírteini og/eða iðgjaldskvittun, þegar hann veikist þannig að vátryggðum beri að greiða honum laun, sbr. gr. 1.5.
- 1.5 Vátryggingin greiðir bætur samsvarandi launum sem vátryggðum ber að greiða beint til skipverja, skv. 36. gr. sjómannalaga nr. 35/1985 vegna óvinnufærni af völdum sjúkdóms. Bæturnar takmarkast þó við það tímabil sem skipverji er óvinnufær.
- 1.6 Bætur greiðast frá 11. degi sem vátryggðum bar að greiða skipverja laun vegna óvinnufærni af völdum sjúkdóms, enda hafi greiðskylda vátryggðs varað í minnst tíu daga. Fyrir fyrstu 10 dagana sem greiðsluskylda vátryggðs varir greiðast engar bætur.
- 1.7 Dagpeningar sem skipverji á rétt á samkvæmt lögum um almannatryggingar og greiða ber til vinnuveitandi, koma að fullu til frádráttar bótum úr vátryggingu þessari.

2. gr. Takmarkanir á bótaskyldu

- 2.1 Vátryggingin tekur ekki til:
- 2.1.1 sjúkdóms sem fyrst hafði sýnt einkenni áður en vátryggingin gekk í gildi, nema að félagið hafi vitað um sjúkdóminn við gildistöku og veitt vátrygginguna þrátt fyrir það.
- 2.1.2 sjúkdóms sem fyrst sýndi einkenni á tímabili þegar vátryggingin var úr gildi, svo og versnandi heilsufarsástæðna á slíku tímabili, nema félagið hafi vitað um einkennin eða versnunina þegar vátryggingin tók gildi að nýju,
- 2.1.3 sjúkdóms sem orsakast hefur af notkun áfengis, deyfing og/eða eiturlyfja,
- 2.1.4 óvinnufærni af völdum slyss,
- 2.1.5 sjúkdóma sem beint eða óbeint eru af völdum kjarnabreytingar, jónandi geislunar, mengunar af geislavirkum efnum, kjarnaeldsneytis og kjarnaúrgangsefnis, eða af völdum styrjalda, innrásar, hernaðaraðgerða, borgararósta, uppreisnar, uppþots eða svipaðra aðgerða. Sama gildir um slyss sem beint eða óbeint eru af völdum jarðskjálfta, eldgoss, flóða, skriðufalla, snjóflóða eða annarra náttúruhamfara,
- 2.1.6 sjúkdóma sem skipverji verður fyrir í handalögum eða við þátttöku í refsiverðum verknaði,
- 2.1.7 sjúkdóma sem verða vegna ljósbaða, lækningameðferðar, skurðaðgerða eða lyfjanotkunar, nema það sé að læknisráði vegna bótaskylds slyss eða sjúkdóms,
- 2.1.8 sjúkdóma sem orsakast af matareitrun, drykkjareitrun eða neyslu nautnalyfja,
- 2.1.9 sjúkdóma vegna eittraðra lofttegunda, nema það hafi orðið skyndilega og án vilja þess sem tryggður er og án vilja skipverja,
- 2.1.10 sjúkdóma vegna hvers konar líffræðilegra eða efnafræðilegra áhrifa og/eða eitrunar, þ.m.t. vegna sýkla og veira, af völdum hryðjuverka.
- 2.2 Vátryggingin tekur ekki til tjóns vegna launagreiðslna til barna yngri en 15 ára.
- 2.3 Vátryggingin bætir ekki launatengd gjöld vátryggðs af neinu tagi, s.s. tryggingagjald, móttframlag vinnuveitanda í lífeyrissjóð, gjöld í sjóði stéttarfélaga o.p.h.
- 2.3 Vátryggingin bætir ekki laun að því marki sem skipverji fær þau greidd úr Ábyrgðasjóði launa, sbr. lög nr. 88/2003 um Ábyrgðasjóð launa.
- 2.4 Vátryggingin tekur ekki til slysa sem skipverji verður fyrir í starfi, hvort sem um er að ræða launað starf eða arðbært starf í eigin þágu sem atvinnuslysaáhætta fylgir.
- 2.5 Vátryggingin tekur ekki til sjúkrakostnaðar.
- 3. gr. Greiðsla bóta**
- 3.1 Vátryggður sér um launauppgjör við skipverja að höfðu samráði við félagið, en krefur svo félagið um þau útgjöld sem falla undir vátryggingu þessa.
- 4. gr. Önnur ákvæði**
- 4.1 Að öðru leyti gilda ákvæði skilmála S-5 um slysatryggingu sjómanna eftir því sem við á.

ÚR SIGLINGALÖGUM NR. 34/1985 - 172. GREIN

- Útgerðarmaður ber ábyrgð á kröfum vegna lífseða líkamstjóns þeirra sem ráðnir eru í skiprúm hjá honum hafi slyss borið að höndum er hlutaðeigandi var staddur á skipi eða vann í beinum tengslum við rekstur skips enda þótt slysið eða tjónið verði ekki rakið til bilunar á tækjum eða ónógra öryggisráðstafana né heldur yfirsjóonar þeirra er starfa í þágu skips. Lækka má fébætur eða láta þær niður falla ef sá, sem fyrir slysi eða tjóni varð, sýndi vitavert gáleysi sem leiddi til slyssins eða tjónsins.
- Skyllt er útgerðarmanni að kaupa tryggingu fyrir dánarbótum og slysabótum er á hann kunna að falla samkvæmt 1. mgr. sem hér segir:
- a) 360.000 kr. við andlát er greiðast eftirlifandi maka og börnum á sambærilegan hátt og almennar lögerðarreglur mæla fyrir um. Með „maka“ er einnig átt við sambúðarmann eða sambúðarkonu samkvæmt reglum Tryggingastofnunar ríkisins, sbr. 52. gr. laga um almannatryggingar.
- b) 140.000 kr. til viðbótar greiðslu skv. a-lið ef bætur greiðast samkvæmt c- eða d-lið og skiptast á sama hátt og bætur samkvæmt a-lið.
- c) Mánaðarlegar bætur til eftirlifandi maka í þrjú ár ber að greiða samkvæmt a-lið 1. mgr. 35. gr. laga um almannatryggingar. Við andlát eftirlifandi maka ganga greiðslur þessar ekki í arf. Nú er eftirlifandi maki 45 ára eða eldri þegar slyss ber að höndum og eigi með barn eða börn á framfæri sínu sem bætur taka eftir d-lið þessa töluliðar og skal hann þá njóta bótanna í sex ár frá því að slyss varð. Ákvæði þessi skerða í engu réttindi maka vegna slysa sem orðið hafa fyrir gildistöku laga þessara.
- d) Mánaðarlegar bætur til barna að 18 ára aldri ber að greiða á hverjum tíma samkvæmt c-lið 1. mgr. 35. gr. laga um almannatryggingar.
- a) Dagpeningar sem greiðast eftir sömu reglum og dagpeningar samkvæmt 33. gr. laga um almannatryggingar, þó þannig að heildarupphæð dagpeninga sé aldrei hærrí en þau laun sem hinn slasaði hafði fyrir slysið.
- b) Vegna varanlegrar örorku greiðast bætur á eftirfarandi hátt: 9.100 kr. fyrir hvert örorkustig á bilinu frá 1-25%, 18.200 kr. á bilinu frá 26-50% og 27.300 kr. fyrir hvert örorkustig umfram 50%. Frá eingreiðslu dánarbóta skal draga örorkubætur, ef greiddar hafa verið.
- Upphæðir þær, sem um ræðir í 2. mgr., skulu breytast í samræmi við breytingar á næstlægsta launaflokki Dagsbrúnar (efsta starfsaldursþrepi) og skal Hagstofa Íslands birta tilkynningar um breytingar á framangreindum upphæðum eigi sjaldnar en á þriggja mánaða fresti.

Skilmáli þessi gildir frá 01.01.2016